



Alþingi

Erindi nr. P 116 / 218 29. október 1992

komudagur 30.10.1992

Efnahags- og viðskiptanefnd,
Alþingi,
ReykjavíkFrumvörp til laga um verðbréfavíðskipti,
verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands

Í framhaldi af fundum með háttvirtri efnahags- og viðskiptanefnd um frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands hefur ráðuneytið farið yfir þær umsagnir sem hafa borist. Er hér á eftir tekin afstaða til ýmissa athugasemda og breytingatillagna sem fram koma í umsögnunum. Að öðru leyti vísast til afstöðu fulltrúa ráðuneytisins sem þegar hefur komið fram á fundum með efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti.

Um 1. gr.

Ráðuneytið tekur að mestu undir skoðanir Árna Vilhjálmssonar, prófessors varðandi hugtakanotkun og mælir með að farið verði að tillögu hans varðandi b-lið 1. tölul. 1. gr. er verði svohljóðandi:

"b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa samkvæmt a-lið."

Um 5. gr.

Athugasemd Samtaka verðbréfafyrirtækja og Verslunarráðs Íslands við þessa grein tengist gagnrýni á 20. gr. laga um verðbréfasjóði og vísar því ráðuneytið til síðari umfjöllunar um þá grein.

Um 9. gr.

Í umsögnum Samtaka verðbréfafyrirtækja og Verslunarráðs kemur fram sú skoðun að frestir samkvæmt greininni séu of langir. Ráðuneytið getur ekki tekið undir þá skoðun og bendir á að samkvæmt dönskum lögum um "investeringsforeninger" skal ákvörðun ráðherra um veitingu eða synjun leyfis liggja fyrir að jafnaði eigi síðar en sex mánuðum og í síðasta lagi tólf mánuðum eftir að honum berst umsókn. Þá skal á það bent að sex mánaða frestinn er að finna í tillögu að tilskipun bandalagsins um "investment services", en pólitískt samkomulag mun vera um þá tillögu innan EB.

Um 10. gr.

Ráðuneytið ítrekar afstöðu sína og vísar til athugasemda með frumvarpinu varðandi þessa grein frumvarpsins.

Um 11. gr.

Ráðuneytið fellst á þá röksemd umsagnaráðila að æskilegt sé að enginn vafi leiki á því að verðbréfafyrirtækjum skuli heimilt að sjá jafnt um almenn sem lokuð útboð. Til að tryggja að svo megi vera er mælt með að orðið "almennt" falli niður í 2. ml. 1. mgr. 11. gr.

Hvað varðar þá röksemd Samtaka verðbréfafyrirtækja að ekki eigi að skilgreina hlutverk verðbréfafyrirtækja á jafn tæmandi hátt og gert er í ákvæðinu skal á það bent að ákvæðið er að mestu efnislega óbreytt frá gildandi lögum og ekki hefur verið vart erfiðleika í framkvæmd fram til þessa. Einnig skal bent á að orðalagið "... og skylda starfsemi" í 2. ml. 1. mgr. 11. gr. gefur til kynna að ekki sé um algerlega tæmandi upptalningu að ræða.

Loks telur ráðuneytið rétt að í frumvarpinu komi fram með skýrum hætti að verðbréfafyrirtækjum er heimilt að kaupa og selja verðbréf fyrir eigin reikning. Eðlilegt er að þess sé getið í þessari grein.

Það er þá tillaga ráðuneytisins að 11. gr. orðist svo:

"Verðbréfafyrirtæki samkvæmt 7. gr. er, ásamt verðbréfamiðlurum, heimilt að stunda verðbréfamiðlun gegn þóknun. Því er jafnframt heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, sbr. þó 18. gr., annast ___ útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og skylda starfsemi. Þá er verðbréfafyrirtæki heimilt að annast umsjá og vörslu verðbréfa verðbréfasjóða að fenginni viðurkenningu bankaeftirlitsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði. Öðrum aðila en verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast þá starfsemi sem að framan greinir nema lög ákveði annað, sbr. þó 35. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 1. mgr."

Um 14. gr.

Ráðuneytið fellst á þá skoðun Verslunarráðs og Samtaka verðbréfafyrirtækja að 2. mgr. 14. gr. sé óþörf, verði frumvarp til samkeppnislaga að lögum. Því er mælt með að 2. mgr. 14. gr. verði felld út úr frumvarpinu, að því gefnu að frumvarp til samkeppnislaga nái fram að ganga.

Um 17. gr.

Ráðuneytið telur gæta nokkurs misskilnings í umsögn Verslunarráðs þegar því er haldið fram að með ákvæði 1. mgr. sé verið að skylda menn til viðskipta. Því fer víðsfjarri. Hér er einungis verið að tryggja að almenn útboð fari ekki fram nema fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis. Ekki er um skyldu til viðskipta að ræða því sú leið er ávallt fyrir hendi að halda lokuð útboð og þá án milligöngu verðbréfafyrirtækis.

Með 2. mgr. er Seðlabankanum veitt sama heimild til að setja reglur og hann hefur samkvæmt 1. mgr. 15. gr. núgildandi laga. Er hér um nauðsynlegt öryggisatriði að ræða sem ætla verður að Seðlabankinn fari með af sömu ábyrgð og hingað til.

Hvað varðar 3. mgr. vísast til athugasemda með frumvarpinu. Ráðuneytið telur þó rétt að benda á að skylda til að skrá verðbréf í almennu útboði á opinberum verðbréfamarkaði, þ.e. á Verðbréfaþingi Íslands, nær aðeins til frumútboðs. Þegar verðbréfin eru komin á eftirmarkað gegnir öðru máli því að þá geta þau gengið kaupum og sölum á öðrum markaði.

Um 18. gr.

Unnt er að fallast á athugasemd Samtaka verðbréfafyrirtækja í þá veru að sú takmörkun sem gerð er í 1. mgr. á athafnafrelsi eigenda verðbréfafyrirtækja með dreifða eignaraðild sé of viðurhlutamikil. Ráðuneytið telur rétt að komið verði í veg fyrir að litlir

hluthafar sem hafa hverfandi afskipti af rekstri verðbréfafyrirtækis falli undir ákvæðið. Því er mælt með að 2. ml. 1. mgr. orðist svo:

"Eigendum að virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki, stjórnendum og öðrum starfsmönnum svo og mökum þeirra er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf við fyrirtækið."

Til að skilgreina hvað átt er við með virkum eignarhlut er lagt til að við 1. gr. laganna bætist við nýr töluliður er verði 10. tl.:

"10. *Virkur eignarhlutur*: Bein eða óbein hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun verðbréfafyrirtækis."

Samsvarandi hugtakanotkun er að finna í tilskipunum Evrópubandalagsins og í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, sem mælt verður fyrir á Alþingi innan skamms. Með óbeinni hlutdeild er átt við þá aðstöðu að aðili sem ekki er hluthafi sjálfur fari með hluti í umboði annarra, t.d. vegna stöðu sinnar. Dæmi um slíkt væri ef tiltekinn lögaðili á 10% eða meira af hlutafé verðbréfafyrirtækis og forsvarsmáður lögaðilans fer með ráðstöfunarrétt á þessum hlutum. Með annarri hlutdeild er fyrst og fremst átt við að eignarhlutur aðila eða heimild hans til meðferðar á atkvæðisrétti sé undir 10% markinu en að viðkomandi geti þrátt fyrir það haft veruleg áhrif á stjórnun verðbréfafyrirtækis í krafti aðstöðu sinnar.

Um 19. gr.

Ráðuneytið hefur tekið athugasemdir umsagnaraðila um þessa grein til ítarlegrar skoðunar og getur fallist efnislega á helstu ábendingar þeirra. Við athugun á nýjustu útgáfu að áðurnefndri tillögu Evrópubandalagsins að tilskipun um "investment services" er verðbréfafyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi heimilt að stunda þá þjónustustarfsemi sem getið er í sérstökum viðauka við tilskipunina. Lánveiting vegna verðbréfavíðskipta sem hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki annast er meðal þeirrar starfsemi sem viðaukinn heimilar. Vakin er sérstök athygli á að þessi þjónusta skal vera hliðarstarfsemi en ekki afgerandi þáttur í störfum verðbréfafyrirtækis. Hins vegar telur ráðuneytið ekki heppilegt á meðan ekki hafa verið lögfestar kröfur um lágmark eigin fjár sem hlutfall af áhættugrunni að þeim verði heimilt að gangast í ábyrgðir. Því er mælt með að 1. mgr. 19. gr. verði svohljóðandi:

"Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita viðskiptaaðila lán vegna verðbréfavíðskipta, sem því er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum. Þó er verðbréfafyrirtæki óheimilt að ganga í ábyrgðir."

Taki nefndin tillit til þessarar ábendingar þarf einnig að breyta upphafi 2. mgr. þessarar greinar þannig:

"Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita sölutryggingu á verðbréfum ..."

Um heiti VI kafla.

Ráðuneytið fellst tillögu Verslunarráðs og Samtaka verðbréfafyrirtækja um að breyta kaflaheitinu og mælir með því að kaflaheitið verði "Meðferð trúnaðarupplýsinga" í stað "Misnotkun trúnaðarupplýsinga".

Um 29. gr.

Vísað er til athugasemda með frumvarpinu og umræðu í efnahags- og

viðskiptanefnd. Um stöðu endurskoðenda er þess að geta að þeim ber ekki einungis að gæta trúnaðar gagnvart fyrirtæki heldur einnig gagnvart fjárfestum, sem leggja traust sitt á þá ekki síður en stjórnendur fyrirtækis.

Um 38. gr.

Vísað er til athugasemda með frumvarpinu og þeirra umræðna sem fram hafa farið milli fulltrúa ráðuneytis og bankaeftirlits annars vegar og efnahags- og viðskiptanefndar hins vegar. Við þetta þó að bæta, að komi til þess að ráðherra nýti framsalsheimild sína leiðir það af almennum reglum stjórnarfrásréttar, að hlutaðeigandi aðilar geta ávallt skotið máli sínu til ráðuneytis og á endanum til dómstóla.

Um 39. gr.

Hvað varðar athugasemdir Verslunarráðs við þetta ákvæði skal á það benti að efnislega samhljóða ákvæði er að finna í 41. gr. gildandi laga um Seðlabanka Íslands. Heimildin til álagningu dagsekta er að sjálfsögðu ekki óheft. Ráðherra er einungis heimilt að mæla fyrir um þær í reglugerð og þá að viðlagðri ábyrgð.

2. Frumvarp til laga um verðbréfasjóði.

Um 3. gr.

Ráðuneytið ítrekar fram komna afstöðu sína og vísar til athugasemda með frumvarpinu varðandi rökstuðning þar að lútandi.

Um 14. gr.

Telja verður ábendingu Samtaka verðbréfafyrirtækja á rökum reista. Því er mælt með að á eftir orðunum "viðurkenningu bankaeftirlitsins" í lok 1. ml. 1. mgr. komi orðin "eða lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki."

Um 16. gr.

Ráðuneytið getur ekki fallist á tillögu Samtaka verðbréfafyrirtækja um að fella niður 2. mgr. og ítrekar að svokallaðir lokaðir sjóðir falla utan gildissviðs frumvarpsins. Þá skal lögð á það áhersla að ákvæði 2. gr. er í samræmi við þá almennu reglu sem fram kemur í verðbréfafrumvörpunum þremur. Þar er gert ráð fyrir að öll verðbréf sem boðin eru almenningi með almennu útboði verði skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Þykir eðlilegt að gera kröfu til skráningu hlutdeildarskírteina, enda eru þau boðin almenningi með þeim hætti að jafna má til almenns útboðs. Ráðuneytið mælir því ekki með að 2. mgr. þessarar greinar falli niður.

Um 20. gr.

Ráðuneytið getur ekki tekið undir athugasemdir Samtaka verðbréfafyrirtækja varðandi þetta ákvæði og telur alveg ljóst af enskum texta tilskipunar Evrópubandalagsins um verðbréfasjóði (UCITS tilskipunarinnar) og texta danskra laga um þetta efni að þörf sé á viðurkenningu lögbærra yfirvalda, þ.e. bankaeftirlits. Fulltrúar ráðuneytisins hafa þegar gert grein fyrir þessari skoðun á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd en til frekari glöggvunar skal birtur orðréttur hinn erlendi texti:

i. Tilskipun Evrópubandalagsins, 19. gr.:

"1. The investment of a unit trust or of an investment company must consist solely of:

a) transferable securities admitted to official listing on a stock exchange in a

- Member State and/or;
- b) transferable securities dealt in on another regulated market in a Member State which operates regularly and is recognised and open to the public and/or;..."

Athugasemdir sem fylgdu með drögum að þessari tilskipun veita takmarkaða leiðbeiningu um hvornig ber að skýra þennan texta. Hins vegar er að finna nákvæma skilgreiningu á hvað sé átt við með "regulated market" í tillögum að tilskipun bandalagsins um "investment services". Þar segir orðrétt: "regulated market... is characterized by the fact that regulations issued or approved by the competent authorities define the conditions for the operation of the market, the conditions for access to the market and...".

Í 20. gr. danskra laga um verðbréfasjóði orðast samsvarandi ákvæði og í tilskipun Evrópubandalagsins um verðbréfasjóði svo:

"En investeringsforenings formue må udelukkende bestå af:

- 1) værdipapirer, der er optaget til offentlig notering på en fondsbørs, eller som handles på et andet marked, der er offentligt anerkendt, regelmæssigt arbejdende og åbent for offentligheden ..."

Af hálfu ráðuneytisins verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo að til þurfi að koma viðurkenning opinberra aðila á viðkomandi markaði. Þá skal einnig nefnt að væri farið að tillögu Samtaka verðbréfafyrirtækja og notað orðalagið "... sem ganga kaupum og solum á skipulögðum markaði í aðildarríki sem starfar á reglubundinn hátt, er viðurkenndur og opin almennungi" gæti skapast mikil óvissa þar sem ekki væri að fullu ljóst hvað átt væri við með orðunum "er viðurkenndur".

Um 1. mgr. 23. gr.

Ráðuneytið hefur kannað ítarlega við hvaða heimildir "sjóðir sjóða" ("funds of funds") styðjast, en eins og samtök verðbréfafyrirtækja benda réttilega á eru slíkir sjóður starfræktir í Bretlandi. Hefur m.a. verið leitað til sérfræðinga fjármálaráðuneytisins þar í landi. Niðurstaða þessarar könnunar er sú, að í Bretlandi eru þessir sjóðir reknir á grundvelli sérstakra reglna sem settar eru með heimild í lögum frá 1986 "Investment Services Act". Virðist Bretum þetta unnt með vísan til undanþáguheimildar í tilskipun Evrópubandalagsins um verðbréfasjóði, nánar tiltekið 1. mgr. 2. gr. i.f. Samkvæmt því falla þessir sjóðir utan tilskipunarinnar. Með þessu móti hefur þeim verið unnt að halda áfram þessu formi sjóða, en einungis innan landamæra sinna. Þetta þýðir að ekki er heimilt að markaðssetja "sjóði sjóða" utan Bretlands.

Með hliðsjón af því sem að framan segir og til að skerða ekki samkeppnisstöðu íslenskra verðbréfasjóða leggur ráðuneytið til að við 1. mgr. 23. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

"Þó er bankaeftirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um rýmri mörk, enda sé óheimilt að setja hlutdeildarskírteini í hlutaðeigandi sjóði á markað utan Íslands."

Um 25. gr.

Ráðuneytið getur ekki tekið undir athugasemdir umsagnaraðila við þessa grein og vísar til athugasemda við frumvarpið varðandi rökstuðning. Til viðbótar er þess að geta, vegna umræðna sem áttu sér stað í efnahags- og viðskiptanefnd, að ekki er unnt að leggja að jöfnu fresti samkvæmt 25. gr. og 26. gr., enda er fjallað um ólíkar eignir í þessum greinum.

Um 28. gr.

Ráðuneytið mælir með að ekki verði haggð við ákvæðum þessarar greinar og fellst

ekki á athugasemdir Samtaka verðbréfafyrirtækja.

Um 31. gr.

Ráðuneytið ítrekar fyrri afstöðu sína og vísar til umfjöllunar um 29. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti hér að framan.

Um 40. gr.

Ráðuneytið vísar til umræðna í efnahags- og viðskiptanefnd, athugasemda með frumvarpinu og umfjöllunar um 38. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti hér að framan.

3. Frumvarp til laga um Verðbréfafélag Íslands.

Um 1. gr.

Ráðuneytið telur að í ljósi framkominna athugasemda sé rétt afmarka einkarétt Verðbréfafélagsins betur með því að fella brott úr 1. mgr. þessarar greinar orðin "og starfsemi í eðlilegum tengslum við hana". Hins vegar telur ráðuneytið rétt að halda þeim möguleika opnum að Verðbréfafélagið taki þátt í starfsemi verðbréfamiðstöðvar og greiðslujöfnunarkerfis. Því er lagt til að 1. mgr. orðist svo:

"Verðbréfafélag Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur einkarétt á að stunda kauphallarstarfsemi hér á landi eins og hún er nánar skilgreind í lögum þessum. Önnur starfsemi er Verðbréfafélaginu óheimil, sbr. þó ákvæði 20. gr."

Þá telur ráðuneytið að í einkaréttinum felist einungis að starfrækja kauphöll þar sem opinber skráning (á ensku "public listing", á dönsku "offentlig kursnotering") verðbréfa. Í athugasemdum er skýrt tekið fram að ákvæðið um einkarétt girði ekki fyrir það að t.d. verðbréfafyrirtæki geti birt opinberlega verð verðbréfa sem þau hafa til sölu eða óska eftir að kaupa á ákveðnu verði, hvort sem slík verðbréf eru skráð á Verðbréfafélaginu eða ekki.

Um 2. gr.

Ráðuneytið fellst á athugasemd Árna Vilhjálmssonar, prófessors um að fella brott orðin "meðal annars" úr upphafi greinarinnar. Upphafi greinarinnar orðist því svo:

"Hlutverk Verðbréfafélagsins er eftirfarandi:"

Um 4. gr.

Ráðuneytið fellst ekki athugasemd Verslunarráðs varðandi þessa grein og vekur athygli á að unnt þarf að vera að tryggja niðurstöðu um mál mæti ekki allir stjórnarmenn á fund.

Um 5. gr.

Varðandi rétt til setu á aðalfundi vísast til athugasemda en þar segir m.a.: "Ákvæði þetta ber ekki að skilja svo að forsvarsmenn Verðbréfafélagsins geti ekki boðið gestum og fulltrúm fjölmiðla að vera viðstaddir aðalfund þess."

Um 8. gr.

Ráðuneytið fellst efnislega á ábendingu Verslunarráðs varðandi möguleika verðbréfamiðlara og verðbréfafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins til að gerast þingaðilar. Því er mælt með að 2. mgr. 8. gr. falli niður en í stað hennar komi 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. svohljóðandi:

"4. Verðbréfamiðlarar og verðbréfafyrirtæki sem starfa í ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og öðlast hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum síns heimalands og heyra undir eftirlit lögbærs yfirvalds þar."

Um 11. gr.

Unnt er að fallast á þá skoðun umsagnaraðila að frestur samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. er of langur í ljósi þess sem kveðið er á um í gildandi reglum um Verðbréfaþingið. Hins vegar bendir ráðuneytið á að tilskipun Evrópubandalagsins heimilar rýmri frest. Því leggur ráðuneytið til að þessi töluliður umorðist og verði svohljóðandi:

- "3. Að þingaðila sé tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða".

Um 15. gr.

Ráðuneytið fellst ekki á athugasemd Verslunarráðs við þessa grein og bendir á að ákvæðið er í samræmi við gildandi reglur, sem víðtækt samráð var um.

Um 18. gr.

Í umsögnum hagsmunaaðila koma fram hörð andmæli við ákvæði 18. gr. sem tryggir bankaeftirlitinu aðgang að upplýsingum frá útgefendum skráðra verðbréfa. Þannig segir í umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja:

"Samtök verðbréfafyrirtækja vara mjög við aðgangi bankaeftirlitsins að öllum gögnum útgefanda skráðra verðbréfa. Slík upplýsingaskylda er með öllu óviðunandi fyrir útgefendur verðbréfa og gæti haft veruleg áhrif á útgáfu skráðra verðbréfa. Rétt er að ítreka að opinberum afskiptum af þessu tagi verður að setja takmörk þannig að þau hindri ekki eðlilega starfsemi og framþróun."

Í umsögn Verslunarráðs segir:

"Þá vill Verslunarráð mótmæla því sem kveðið er á um í 1. mgr. að bankaeftirlitið geti gengið hindrunarlaust að öllum gögnum og upplýsingum skráðra verðbréfa. Bankaeftirlitið á ekki að gegna neinu slíku hlutverki í venjulegum fyrirtækjum eða hjá sveitarfélögum sem skrá verðbréf á þinginu. Bankaeftirlitið á að hafa aðgang að gögnum og upplýsingum Verðbréfaþingsins um útgefendur verðbréfa en ekki geta komið beint inn á gafl hjá þessum aðilum með sambærilegum hætti og það getur hjá bönkum eða verðbréfafyrirtækjum."

Í báðum þessum umsögnum er ýjað að því að bankaeftirlitið muni á einhvern hátt misnota aðstöðu sína og annað hvort krefja útgefendur skráðra verðbréfa um upplýsingar sem jafnvel eru ótengdra skráningu verðbréfa þeirra og viðskipta með þau eða jafnvel ryðjast inn á skrifstofur þeirra og taka gögn úr hillum. Slíkt er fjarri lægi. Í greininni er sérstaklega tekið fram að aðgangur að upplýsingum frá þeim aðilum sem þar eru taldir upp er einungis heimill vegna eftirlitshlutverks bankaeftirlitsins með viðskiptum á þinginu. Dæmi um slíkt er þegar grunur leikur á að innherjaviðskipti hafi átt sér stað. Þá hefur bankaeftirlitið fylgt þeirri vinnureglu að óska eftir upplýsingum en fara ekki á skrifstofur til að sækja þær.

Þá bendir ráðuneytið á að í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti eru í 31. gr. víðtækar heimildir til bankaeftirlitsins til að krefja einstaklinga og lögaðila (og til þeirra teljast að sjálfsgöðu útgefendur skráðra verðbréfa) "um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynlegt til rannsóknar málsins" (þ.e. mála sem tengjast innherjaviðskiptum). Af umsögnum hagsmunaaðila verður ekki annað ráðið en þeir sætti sig við þetta ákvæði.

Einnig bendir ráðuneytið á að í 35. gr. danskra laga nr. 26/1992 um Københavns Fondbørs segir m.a.:

"Finanstilsynet kan pålægge bestyrelse, direktion og revisor på Københavns Fondbørs, i et børs-mæglerselskab eller hos en udsteder at give de oplysninger, der er nødvendige for tilsynets virksomhed."

Hafi danskir útgefendur skráðra verðbréfa sætt sig við ákvæði af þessu tagi án þess "að taka verðbréf sín í unnvörpum af skrá" er vandséð að annað ætti að gilda um íslenska útgefendur verðbréfa.

Að lokum vill ráðuneytið ítreka að starfsemi Verðbréfaþingsins þjónar tveimur aðilum: útgefendum verðbréfa og fjárfestum (almenningi). Það hlýtur að vera sameiginlegt kappsmál beggja að ákvæði um eftirlit séu með þeim hætti að það skapi traust á þeirri starfsemi sem þar fer fram. Þetta er ekki aðeins mikilvægt vegna innlendra aðila heldur einnig erlendra sem í framtíðinni kunna að vilja fjárfesta í skráðum verðbréfum á Íslandi.

F.h.r.

